

# Þingsályktun

## um skrá um sykursýki og skimun fyrir sykursýki.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að skipa starfshóp sem fái það verkefni að móta viðbrögð við vaxandi nýgengi sykursýki. Hópurinn skuli sérstaklega meta þörfina á skipulagðri skráningu sykursýki á Íslandi og reglulegri skimun fyrir sykursýki hjá áhættuhópum. Við matið verði miðað við að heilsugæslan veiti ráðgjöf samhliða skimuninni og fylgi henni eftir þegar við á.

Í starfshópnum verði fulltrúar stærstu heilbrigðisstofnana, svo sem Landspítala og Sjúkrahússins á Akureyri, heilsugæslunnar, embættis landlæknis og samtaka sjúklinga og fagstétta.

Heilbrigðisráðherra skili Alþingi skýrslu um niðurstöður starfshópsins eigi síðar en 1. janúar 2017.

*Samþykkt á Alþingi 28. apríl 2016.*